

Samkeppniseftirlitið			
Málsnr.	1803019	Aum.	MPK
Bretal.	25.1.21	Aorr.	
Mott.	29.6.2018	Fyll.	
Ath.		Taua	

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Kaup Haga hf. (hér eftir Hagar) á öllu hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. (hér eftir Olís) og öllu hlutafé í DGV ehf. (hér eftir DGV) fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og Hagar hafa gert með sér eftirfarandi sátt skv. 17. gr. f samkeppnislaga. Í henni felst að Hagar skuldbinda sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c.

## I. Almenn ákvæði

### 1. gr.

#### Pörf á ihlutun

Að óbreyttu hindrar samruni þessa máls virka samkeppni. Því er nauðsynlegt að grípa til ihlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildingu hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og Hagar eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

[Samhliða sátt þessari hefur Samkeppniseftirlitið gert sátt við [...] að því er varðar [...] (eignatengsl) sem af samrunanum leiðir.]<sup>1</sup>

### 2. gr.

#### Markmið og meginefni skilyrða

Markmið þessarar sáttar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að tryggja virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til. Til þess að ná þessu markmiði hafa þau fyrirmæli sem fram koma í sátt þessari eftirfarandi megintilgang:

- a. Að auka aðgengi að heildsölu og birgðarými eldsneytis.
- b. Að efla samkeppni milli aðila sem selja dagvörur í smásölu.
- c. Að vinna gegn skaðlegum áhrifum af sameiginlegu eignarhaldi á fyrirtækjum á mörkuðum málsins.

## II. Aukið aðgengi að heildsölu og birgðarými eldsneytis

### 3. gr.

#### Aukið aðgengi að heildsölu eldsneytis

Hagar skulu selja þeim endurseljendum sem eftir því leita eldsneyti í heildsölu á viðskiptalegum grunni. Högum er skylt að gæta jafnræðis og hlutlægni gagnvart þeim endurseljendum sem kaupa eldsneyti af félaginu í heildsölu, og skal í verðlagningu til þriðju aðila ekki mismuna þriðju aðilum annars vegar og eigin smásölu Haga hins vegar, nema til þess standi málefnalegar og viðskiptalegar forsendur svo sem vegna hagræðis af magnviðskiptum.

<sup>1</sup> Hagar hafa ekki nákvæmar upplýsingar um þetta atriði.

Skal sérstaklega tilefndur starfsmaður til að gegna hlutverki tengiliðar vegna heilðsölu. Þessi tengiliður skal annast samskipti við endurseljendur vegna heilðsöluviðskipta. Skal þeim tengilið vera óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórnarmönnum og eigendum félagsins upplýsingar um viðskiptakjör einstakra endurseljenda, sem eiga í beinni samkeppni við Haga. Skal viðhöfð aðgangsstýring að upplýsingakerfum Haga sem tryggir að upplýsingar um viðskipti félagsins við endurseljendur berist ekki til þessara aðila.

Tengilið vegna heilðsölu er óheimilt að greina öðrum starfsmönnum Haga frá fyrirspurnum eða umsóknum um heilðsöluviðskipti. Hið sama gildir um hvers konar aðrar upplýsingar sem tengiliðurinn býr yfir og geta gefið til kynna fyrirætlanir og starfsemi keppinauta Haga. Tengiliðnum skal heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga til tilboðsgerðar og upplýsa þá starfsmenn Haga sem annast afgreiðslu viðskiptavina um viðskiptin eftir að þau hafa komist á.

Skulu Hagar útbúa starfslýsingu fyrir tengilið, þar sem a.m.k. er mælt fyrir um eftirfarandi:

- Trúverðuga verkferla og úrræði sem gera tengilið skylt og kleift að starfa í samræmi við markmið þessarar sáttar.
- Trúverðuga verkferla og úrræði sem tryggja að viðkvæmar upplýsingar frá endurseljendum, sem eiga í beinni samkeppni við Haga, berist ekki til annarra starfsmanna Haga.
- Trúnaðaryfirlýsingu, sem tengiliður skal undirrita með yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað.

#### 4. gr.

##### **Aðgengi að birgðarými hjá Olíudreifingu**

Fyrir liggur að Hagar fara ekki einir með yfirráð yfir Olíudreifingu og ber að skoða neðangreind skilyrði í því ljósi.

Hagar skulu, sem annar eigandi Olíudreifingar, beita atkvæðisrétti sínum innan Olíudreifingar á þann hátt að aðgengi endurseljenda eldsneytis að birgðarými hjá félaginu verði greiðara. Þannig munu Hagar styðja þá stefnu að Olíudreifing bjóði þeim sem eftir því leita að nýta birgðarými félagsins á viðskiptalegum forsendum, í samræmi við mat stjórnenda Olíudreifingar hverju sinni, t.a.m. með þeim hætti að endurseljendum standi til boða að taka á leigu tiltekið hlutfall birgðarýmis gegn greiðslu leigugjalds.

Hagar skulu beita sér fyrir því innan Olíudreifingar að settar séu reglur sem tryggi að jafnræðis og hlutlægni sé gætt gagnvart þeim sem leigja birgðarými af félaginu. Verð fyrir leigu á birgðarými skal taka mið af hlutlægum mælikvörðum, svo sem umfangi viðskipta, rekstraráhættu sem tengd er hverjum viðskiptavin og kröfum viðskiptavina s.s. vegna bætiefna, VRU, blandana og aukins opnunartíma. Í verðinu sé tekið tillit til eðlilegrar arðsemiskröfu Olíudreifingar til að tryggja að fjárfestingaþörf sé uppfyllt og viðhald og öryggi birgðastöðva sé tryggt. Verðlagning Olíudreifingar til þriðju aðila skal vera bæði sanngjörn og raunhæf og skal ekki mismuna þriðju aðilum annars vegar og eigendum Olíudreifingar hins vegar, nema til þess standi sannanlegar málefnalegar og viðskiptalegar ástæður.

Hagar skulu beita sér fyrir því að stjórnarmenn og allir starfsmenn Olíudreifingar undirriti yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu er varðar upplýsingar um viðskipti þriðju aðila við Olíudreifingu og skulu tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til eigenda félagsins.

Að öðru leyti gilda skilyrði ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 23/1995, m.a. um ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar um starfsemi eigenda félagsins fari ekki á milli eigenda fyrir tilstilli stjórnarmanna og starfsmanna Olíudreifingar.

### III. Aðgerðir til eflingar samkeppni í sölu dagvöru utan höfuðborgarsvæðisins

#### 5. gr.

##### Sama verð

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að mismunandi samkeppnisaðstæður á landfræðilegum mörkuðum leiði til hærra verðs á einstökum landsvæðum utan höfuðborgarsvæðisins skuldbinda Hagar sig til þess að hafa sama verð á dagvöru á bensínstöðvum félagsins á landinu öllu, óháð staðsetningu.

#### 6. gr.

##### Ráðstafanir vegna sterkrar stöðu á svæði kringum Stykkishólm

Í því skyni að koma í veg fyrir að samruninn hafi skaðleg samkeppnisleg áhrif á dagvörusölu í Stykkishólmi og nágrenni skuldbinda Hagar sig til þess að selja rekstur og eignir félagsins við **Aðalgötu 25** í Stykkishólmi, með því að skipta upp lóðinni þannig að tryggt sé aðgengi að verslun en dælur, tankar og önnur réttindi vegna eldsneytissölu tilheyri samrunaaðilum áfram. Um er að ræða sölu á verslun Haga á umræddri lóð sem felst í smásölu á þurrvöru, ásamt fasteign, að frátöldum merkingum þar sem vörumerki Olís (ÓB) eða Haga koma fyrir, sem tilheyra Högum áfram.

Eftirfarandi skal fylgja með í kaupunum nema kaupandi afþakki:

- a. allt lausafé sem tengist versluninni, þ.m.t. allar innréttingar og búnaður sem tengist þurrvöruverslun;
- b. vörur sem í versluninni eru við yfirfærslu á rekstrinum.

Takist samningar skal nýjum aðila gert kleift að taka við rekstrinum eigi síðar en mánuði eftir lok síðara sölutímabils, enda taki hann yfir allar skyldur Haga gagnvart starfsfólki.

### IV. Aðgerðir til eflingar samkeppni á höfuðborgarsvæðinu

#### 7. gr.

Í því skyni að efla samkeppni í dagvörusölu á höfuðborgarsvæðinu skuldbinda Hagar sig til þess að selja fasteign félagsins að **Faxafeni 14**, 108 Reykjavík, til ótengds þriðja aðila.

### 8. gr.

Í því skyni að efla samkeppni í dagvörusölu á höfuðborgarsvæðinu skuldbinda Hagar sig til þess að selja verslanir Bónuss að **Hallveigarstíg 1**, 101 Reykjavík, og **Smiðjuvegi 2**, 200 Kópavogi, til ótengds þriðja aðila.

Skulu Hagar tryggja framsal leigusamninga um eignirnar, til a.m.k. 10 ára, og skal kaupanda bjóðast að kaupa verslanirnar, aðra eða báðar, ásamt öllum innréttingum sem í þeim eru. Vörumerki Haga, kassakerfi, upplýsinga- og bókhaldskerfi og samningar við verslunarstjóra og aðstoðarverslunarstjóra tilheyra Högum áfram.

Sé kaupandi aðili sem er ekki þegar starfandi á dagvörumarkaði skal honum heimilt að kaupa verslanirnar ásamt vörum sem í þeim eru.

### 9. gr.

Í því skyni að koma til móts við sterka stöðu Haga á höfuðborgarsvæðinu skuldbinda Hagar sig til þess að selja rekstur og eignir félagsins að **Hamraborg 12** í Kópavogi og **Háaleitisbraut 12** í Reykjavík. Um er að ræða sölu á rekstri þjónustustöðva sem reknar hafa verið undir merki Olís á umræddum lóðum og felst í smásölu á eldsneyti og smásölu á þurrvöru, sem og umræddar fasteignir, ásamt öllum þeim réttindum sem Hagar ráða yfir varðandi lóðirnar sem fasteignirnar eru á og allt það lausafé sem er á þeim og nauðsynlegt er til áframhaldandi rekstrar, að frátöldum merkingum þar sem vörumerki Olís eða Haga koma fyrir, sem tilheyra Högum áfram.

Eftirfarandi skal fylgja með í kaupum á rekstri verslana sem felst í smásölu á þurrvöru, nema kaupandi afþakki:

- a. allt lausafé, þ.m.t. allar innréttingar og búnaður sem tengist þurrvöruverslun;
- b. vörur sem í versluninni eru við yfirfærslu á rekstrinum.

Eftirfarandi skal fylgja með í kaupum á rekstri sem felst í smásölu á eldsneyti, nema kaupandi afþakki:

- a. allt lausafé sem tengist rekstri eldneysisstöðvanna;
- b. samningur við Olíudreifingu um dreifingu á eldsneyti til stöðvanna, ásamt leigu á birgðarými;
- c. samningur við Haga um sölu á eldsneyti í heildsölu til a.m.k. 6 mánaða;
- d. samningur við Haga og Olíudreifingu um nauðsynlega tækniþjónustu.

Takist samningar skal nýjum aðila gert kleift að taka við rekstrinum eigi síðar en mánuði eftir lok síðara sölutímabils, enda taki hann yfir allar skyldur Haga gagnvart starfsfólki.

### 10. gr.

Í því skyni að koma til móts við sterka stöðu Haga á höfuðborgarsvæðinu skuldbinda Hagar sig til þess að selja rekstur ÓB stöðvar félagsins við **Starengi 2** í Reykjavík. Um er að ræða sölu á rekstri sjálfsafgreiðslustöðvar sem rekin hefur verið undir ÓB merki Olís, ásamt öllum þeim réttindum sem Hagar ráða yfir varðandi þá lóð sem stöðin er á og allt það lausafé sem er á henni

og nauðsynlegt er til áframhaldandi rekstrar, að frátöldum merkingum þar sem vörumerkið ÓB kemur fyrir eða önnur vörumerki Olís eða Haga, sem tilheyra Högum áfram.

Eftirfarandi skal fylgja með í kaupum á rekstri sem felst í smásölu á eldsneyti, nema kaupandi afþakki:

- a. allt lausafé sem tengist rekstri eldneysisstöðvarinnar;
- b. samningur við Olíudreifingu um dreifingu á eldsneyti til stöðvarinnar, ásamt leigu á birgðarými, kjósi kaupandi að eiga eigin birgðir af eldsneyti;
- c. samningur við Haga um sölu á eldsneyti í heildsölu, til a.m.k. 6 mánaða;
- d. samningur við Haga og Olíudreifingu um nauðsynlega tækniþjónustu.

Takist samningar skal nýjum aðila gert kleift að taka við rekstrinum eigi síðar en mánuði eftir lok síðara sölutímabils.

## V. Almenn atriði um sölu eigna samkvæmt III. og IV. kafla

### 11. gr.

Frá undirritun sáttar þessarar og þar til yfirfærsla eigna á sér stað skulu Hagar tryggja eftir bestu getu rekstrarhæfi hinna seldu eigna sem fjallað er um í 6.-10. gr. sáttar þessarar, í samræmi við góða viðskiptahætti.

### 12. gr.

Hagar munu finna kaupanda og gera bindandi samning um sölu viðkomandi eigna sem fjallað er um í 6.-10. gr., fyrir lok fyrra sölutímabils, sem er [...]² mánaða tímabil frá undirritun sáttar þessarar.

Hafi Hagar ekki gert slíkan samning að loknu fyrra sölutímabili skal sjálfstæðum söluaðila, sbr. 14. gr., veitt einkaumboð til sölu eignanna fyrir lok síðara sölutímabils, sem er [...]³ mánaða tímabil að loknu fyrra sölutímabili, í samræmi við þær reglur sem lýst er í 15. gr. sáttar þessarar.

Samkeppniseftirlitið getur, telji það ástæðu til, framlengt fyrra sölutímabilið svo sem ef samningar eru langt komnir, ástæða er til þess að ætla að samningar geti náðst eða af öðrum ástæðum sem Samkeppniseftirlitið telur fullnægjandi.

### 13. gr.

Fyrirhugaður kaupandi skal hafa fullnægjandi þekkingu á hinu selda og hafa fullnægjandi aðgang að fjármagni til þess að yfirtaka skyldur samkvæmt sátt þessari og/eða kaupa þær eignir sem eru boðnar til sölu.

---

<sup>2</sup> Trúnaðarmál.

<sup>3</sup> Trúnaðarmál.

Samrunaaðilar skuldbinda sig til að tryggja að mögulegur kaupandi fái aðgang að gögnum sem hann telur nauðsynleg til að framkvæma áreiðanleikakönnun á hinu selda.

Á fyrra sölutímabili skal Högum ekki skylt að ganga að öðrum tilboðum en þeim sem félagið telur fýsileg. Við mat á tilboðum skal líta til verðs, hæfis kaupenda og þess hversu líklegt það sé að þeir muni efla samkeppni á markaði. Skal halda óháðum kunnáttumanni, sbr. 19. gr., upplýstum um framgang söluférlisins.

Kaupsamning skal bera undir Samkeppniseftirlitið sem skal vera heimilt að synja Högum um söluna eyði hún ekki samkeppnislegum vandamálum eða brjóti í bága við skilyrði sáttarinnar.

## **VI. Um síðara sölutímabil**

### **14. gr.**

#### **Sjálfstæður söluaðili**

Ef sala samkvæmt 6.-10. gr. hefur ekki gengið eftir þegar mánuður er eftir af fyrra sölutímabili, skulu Hagar tilnefna sjálfstæðan söluaðila til að annast söluna.

Hagar skulu afhenda Samkeppniseftirlitinu lista yfir einn eða fleiri aðila (einstakling eða fyrirtæki), sem Hagar leggja til að skipa skuli sem sjálfstæðan söluaðila. Tillagan skal innihalda nægar upplýsingar fyrir Samkeppniseftirlitið til að sannreyna að sá einstaklingur eða fyrirtæki sem lagt er til að skipaður verði sem sjálfstæður söluaðili uppfylli kröfur í 4. mgr. Sjálfstæður söluaðili og óháður kunnáttumaður, sbr. 19. gr., má vera einn og sami aðilinn. Ef sjálfstæður söluaðili og óháður kunnáttumaður eru ekki sami aðilinn skulu þeir starfa náið saman á síðara sölutímabili, í því skyni að auðvelda hvor öðrum verkefni þeirra samkvæmt þessari sátt.

Fallist Samkeppniseftirlitið á tilnefninguna skal Samkeppniseftirlitið skipa sjálfstæðan söluaðila. Hafni Samkeppniseftirlitið tilnefningunni skulu Hagar tilnefna nýjan sjálfstæðan söluaðila innan tveggja vikna, með sama hætti og greint er í 2. mgr.

Sjálfstæður söluaðili skal vera óháður samrunaaðilum og tengdum félögum og vera hæfur til að sinna skuldbindingum sínum sem sjálfstæður söluaðili, t.a.m. að hafa nægjanlega reynslu af viðskiptum með fyrirtæki eða eignir sambærilegar þeim sem selja skal samkvæmt sátt þessari. Hagar bera allan kostnað sem fellur til vegna sjálfstæðs söluaðila.

### **15. gr.**

Fyrir lok síðara sölutímabilsins skal sjálfstæður söluaðili selja þær eignir sem tilgreindar eru í 6.-10. gr. Hlutverk sjálfstæðs söluaðila er að tryggja að markmiðum sáttar þessarar verði náð. Skal hann sjá um að selja eignirnar hverja í sínu lagi eða saman, reynist áhugi fyrir því. Skal sjálfstæður söluaðili leitast við að fá fram sem hagstæðustum söluskilmálum fyrir söluandlagið í þágu Haga en jafnframt tryggja að markmiðum sáttar þessarar verði náð. Sinni söluaðili ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan, að fengnu samþykki Haga.

Samrunaaðilar skulu veita og sjá til þess að ráðgjafar þeirra veiti sjálfstæðum söluaðila alla þá aðstoð, samvinnu og upplýsingar sem honum eru nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu.

Samrunaaðilar skulu veita sjálfstæðum söluaðila fullgilt umboð til þess að framkvæma sölu umræddra eigna.

Samkeppniseftirlitið og Hagar skulu upplýst um öll tilboð sem berast. Nú berst tilboð sem að mati Samkeppniseftirlitsins er ásættanlegt og útséð er um að betra tilboð berist og getur þá Samkeppniseftirlitið ákveðið að því tilboði skuli tekið, þó að fenginni afstöðu Haga. Kaupsamning skal bera undir Samkeppniseftirlitið sem skal vera heimilt að synja Högum um söluna eyði hún ekki samkeppnislegum vandamálum eða brjóti í bága við skilyrði þessi.

## VII. Sjálfstæði Haga

### 16. gr.

#### **Samkeppnislegt sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna**

Stjórnarmenn og lykilstarfsmenn Haga skulu ekki vera tengdir keppinautum fyrirtækisins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eigið eignarhald. Sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald.<sup>4</sup>

Aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafarstörfum fyrir keppinauta Haga skulu ekki sitja í stjórn Haga.

Með lykilstarfsmanni er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem telst vera fruminnherji í Högum á hverjum tíma.

### 17. gr.

#### **Eignarhlutir hluthafa Haga í keppinautum raski ekki samkeppni**

Hagar skulu tryggja eftir því sem kostur er að hagsmunir, sem kunna að leiða af eignarhlutum hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum félagsins, hafi ekki áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi rekstur Haga og hegðun á markaði. Í samkeppnisréttaráætlun skal kveðið á um skyldur stjórnarmanna og lykilstarfsmanna að þessu leyti.

Stjórn og lykilstarfsmenn Haga skulu haga samskiptum sínum við hluthafa félagsins með þeim hætti að ekki skapist hætta á að samkeppni sé raskað. M.a. skal tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki til hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum Haga.

---

<sup>4</sup> Við nánari útfærslu skilyrðisins myndu Hagar, eftir atvikum, vilja ræða nánari afmörkun eignarhalds í þessu samhengi, ýmist við tiltekið hlutfall eða á annan hátt þannig að ekki sé um brot á skilyrði að ræða í tengslum við eign í gegnum sjóði.

### 18. gr.

Í því skyni að greiða fyrir sátt FISK-Seafood við Samkeppniseftirlitið skuldbinda Hagar sig til að falla frá sölubanni, sem kveðið er á um í gr. 11.1 í kaupsamningi frá 26. apríl 2017.

## VIII. Önnur atriði

### 19. gr.

#### Óháður kunnáttumaður

Hagar skulu innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar sáttar afhenda Samkeppniseftirlitinu tillögu um einn eða fleiri aðila (einstakling eða fyrirtæki) til að gegna hlutverki óháðs kunnáttumanns, til þess að hafa eftirlit með skilyrðum sáttarinnar. Fallist Samkeppniseftirlitið á tilnefninguna skal Samkeppniseftirlitið skipa kunnáttumanninn til þriggja ára. Hafni Samkeppniseftirlitið tilnefningunni skulu Hagar tilnefna nýjan kunnáttumann innan tveggja vikna.

Kunnáttumaður skal vera óháður samrunaaðilum og tengdum félögum og vera hæfur til að sinna skuldbindingum sínum sem kunnáttumaður.

Hagar bera allan kostnað af starfi kunnáttumanns. Skulu Hagar veita kunnáttumanni allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð til að tryggja að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Nánar skal mæla fyrir um eftirlit kunnáttumanns í samningi hans við Haga. Samningur við eftirlitsmann skal borinn undir Samkeppniseftirlitið.

### 20. gr.

Högum skal heimilt að óska eftir framlengingu á þeim frestum sem settir eru í sátt þessari. Skal óskað eftir framlengingu eigi síðar en mánuði áður en þeir renna út nema upp komi sérstakar aðstæður fyrir lok frests. Skal beiðni um framlengingu vera rökstudd og með henni skal fylgja álit óháðs kunnáttumanns.

### 21. gr.

Hagar skulu tryggja að stjórnarmenn, stjórnendur og aðrir starfsmenn félagsins, sem félagið telur sátt þessa varða, séu að fullu upplýstir um sáttina og aðrar kröfur sem samkeppnisreglur gera til starfsemi fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Í þessu skyni skal innleidd samkeppnisréttaráætlun sem miði m.a. að því að farið sé að sáttinni. Skal hún uppfærð reglulega. Stjórn Haga og lykilstarfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu og afhenda Samkeppniseftirlitinu. Í henni skal koma eftirfarandi fram:

- a. Að viðkomandi hafa kynnt sér efni sáttarinnar og lýsi því yfir að hann eða hún muni starfa eftir henni.
- b. Að viðkomandi muni beita sér fyrir því, eftir því sem staða hans eða hennar leyfir, að innan Haga verði gripið til vandaðra ráðstafana (t.d. með skilgreindu verklagi eða ferlum) sem ætlað er að tryggja að í daglegri starfsemi fyrirtækisins sé fyrirmælum þessarar sáttar fylgt.



**22. gr.**

**Endurskoðun**

Samkeppnisefirlitið skal taka skilyrði sáttar þessarar til endurskoðunar eigi síðar en þremur árum frá undirritun sáttar þessarar enda hafi Hagar sett fram rökstudda beiðni um breytingar á skilyrðunum.